

# Ljóðabækur og þjóðlegur fróðleikur á uppboði

KLAUSTURHÓLAR, listmunauppboð Guðmundar Axelssonar, efna til bókauppboðs í Tjarnarbúð laugardaginn 11. þessa mánaðar.

Uppboðsskráin skiptist í ýmis rit, rit íslenskra höfunda, Grænland, æviminningar, ljóð, trúmálarit, saga lands og lýðs, ferðabækur, blöð og tímarit, þjóðlegt efni.

Af einstökum verkum má nefna: Rit Helga Pjeturss, Horfna göðhesta eftir Ásgeir Jónsson, Kapólsk viðhorf eftir Halldór Laxness, en það er ein af örfáum bókum Nóbelskálðsins, sem aldrei verður prentuð aftur, Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen

I-IV, Íslendingasagnaútgáfu Sigurðar Kristjánssonar 1.—38. bók, orðabók Johans Fritzens I-III.

Á uppboðinu verða seld mjög mörg ljóðasöfn. Meðal höfunda má nefna Hannes Pétursson, Tómas Guðmundsson, Sigurð Grimsson, Guðmund Böðvarsson, Jóhannes úr Kötlum, Davíð Stefánsson, Stephan G., Hans Natansson, Björn Gunnlaugsson, Steingrím Thorsteinsson, Matthías Jochumsson, Grím Thomsen og Jónas Hallgrímsson. Meðal höfunda þjóðlegs efnis má nefna Ingibjörgu Lárusdóttur, Gísla Konráðsson, Skúla Gíslason, Þórberg Þórðarson, próf. Ágúst H. Bjarnason, Brynjólf frá Minna-Núpi, sr. Jón Thorarensen, Jón Arnason og Ólaf Davíðsson.

Auk þess verða boðin upp nokkur handrit og skrifað mál af ýmsu tagi, gamalt guðsorð, fágætar ferðabækur og vandfengin rit úr héraðslýsingum.

## Kvöldvaka hjá Norræna félaginu í Kópavogi

NORRÆNA félagið í Kópavogi efni á sunnudaginn til kvöldvöku og fer hún fram í Þinghóli kl. 20.30. Norski lektorinn Ingborg Donale flytur spjall um Þrándheim og sýnir þaðan myndir, en Þrándheimur er vinabær Kópavogs.

Mun Norræna félagið efna til hópferðar þangað í sumar. Á kvöldvökunni syngur Skagfirski söngsveitin undir stjórn Snæbjarnar Snæbjarnardóttur og loks verður lesinn kafli úr sögunni Dalen Portland eftir Kjartan Flógestad.


## Ásgerður Búadóttir sýnir hjá „Koloristerne“

FYRIR skömmu lauk í Kaupmannahöfn árlegri listsýningu „Koloristerne“, sem eru ein elztu og virtustu sýningarsamtök Dana, og var Ásgerður Búadóttir gestur sýningarinnar, ein erlendrar listamanna. Er það í annað sinn sem „Koloristerne“ bjóða henni að sýna með sér, en hið fyrra var 1975.

Sýningin var að venju haldin í sýningabyggingunni „Den Frie“ við Austurport, og þykir hún jafnan mikill listviðburður, enda hafa „Koloristerne“ sýnt árlega síðan 1932 og telja innan vébanda sinna marga fremstu listamenn Dana. Meginstofn sýningarinnar var að venju málverk, höggmyndir og svartlist, en tveir myndvefarar áttu verk á henni, auk Ásgerðar, þær Franka Rasmussen og Nanna Hertoft, sem hefur tvívegis átt verk á sýningum hér heima.

Dómar um sýninguna voru lofsamlegir, og ekki sízt um myndvefnadinn. „Land og Folk“ sagði t.d.: „Vefararnir tveir, Nanna Hertoft og Ásgerður Búadóttir, megna báðar að lyfta vefnaði sínum yfir einbert handverkið og skapa úr þeim myndræna list“, — og „Aktuelt“ talaði um „sterka og persónulega vefjarlist þeirra Nönnu Hertoft, Frönku Rasmussen, og þó ekki sízt Ásgerðar Búadóttur“.

Sýningarskrá er mjög vönduð og upplýsandi um hina einstöku þátttakendur og með myndum af verkum þeirra allra. Margar opinberar stofnanir og listafélög keyptu verk, en listafélagið „Foreningen af 14. August“ keypti verkið „Skammdegissól“ eftir Ásgerði, ofið 1977 úr ull og hrosshári.



„Jökulrós“, eftir Ásgerði Búadóttur (1975).



Mynd þessi er tekin er Lionsklúbburinn Freyr afhenti eina milljón króna að gjöf til tækjakaupa í fyrirhugaða sundlaug Grensásdeildar Borgarspítala.

## Gáfu milljón til sundlaugarbyggingar

LIONSKLÚBBURINN Freyr hefur afhent eina milljón króna að gjöf til tækjakaupa í fyrirhugaða sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans. Með framlagi þessu vill Freyr vekja athygli á mikilli þörf fyrir þessa sundlaug. „sem á eftir að veita ómetanlega aðstoð við endurbjálfun sjúklinga, enda slíkar sundlaugar hvarvetna erlendis, þar sem virk endurhæfing fer fram“, segir

í frétt frá Borgarspítalanum.

Þá segir einnig að þessi gjöf Freys endurspeglar ekki einvörðungu sérstakan hug klúbbsins til Grensásdeildarinnar, heldur sýni hún jafnframt að klúbburinn veit vel hvar skórin kreppir í þessum málum. Við athöfn í Grensásdeild er gjöfin var afhent kom fram að verði ekki af sundlaugarbyggingunni innan fjögurra ára falli gjöfin niður, en

með þessu vill Freyr ítreka þá nauðsyn að hafist verði handa hið fyrsta.

Ólafur B. Thors forseti borgarstjórnar tók við gjöfinni fyrir hönd stjórnar sjúkrastofnana borgarinnar og flutti hann klúbbnum þakki fyrir gjöfina. Að því búnu skoðuðu Lionsmenn stofnunina undir leiðsögn Ásgeirs B. Ellertssonar yfirlæknis og þágu veitingar.

## AÐALFUNDUR

### Samvinnubanka Íslands h.f.

verður haldinn í Tjarnarbúð, Vonarstræti 10, Reykjavík, laugardaginn 18. marz 1978 og hefst kl. 14.00.

Dagskrá skv. 18. gr. samþykktar fyrir bankann.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar til fundarins verða afhentir í aðalbankanum, Bankastræti 7, dagana 15.—17. marz, svo og á fundarstað.

**Bankaráð  
Samvinnubanka  
Íslands h.f.**



## ingeniørskolerne

í Esbjerg og Sønderborg  
útskrifa:

byggingatæknifræðinga  
rafmagnstæknifræðinga  
véltæknifræðinga

Tækninámið tekur 3. ár.

### Sértu faglærður

(minnst 2 ár) í bygginga- og rafstöðum eða í járn- og málmíðnaði og hafir námsþekkingu samsvarandi gagnfræðaprófi eða UTF verður þú fyrst að taka 1. árs undirbúningsnámskeið fyrir tækniskólann.

Ef þú ert stærðfræðistúdent eða HF

með námsbraut í stærðfræði og eðlisfræði, verður þú fyrst að taka 1. árs verklegt sérnám.

Kennsluárið hefst í ágúst. Við aðstoðum með ánægju með allar upplýsingar um aðgang, framkvæmd, námsaðstoð, húsnæði, námsefni, atvinnumöguleika o.fl.

Hringið eða skrifið eftir nánari upplýsingum eða komið og heimsækið okkur.

### ingeniørskolerne

Esbjerg Teknikum  
Ole Rømers Vej  
6700 Esbjerg  
(05) 127666

Sønderborg Teknikum  
Voldgade 5,  
6400 Sønderborg,  
(04) 425550